

þær skýrslur, er framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til að leita.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Rannsóknardómaranum ber að útvega framan- greindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt sem auðið er.

Föstudaginn 17. jan. 1930.

Nr. 122/1929. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Jóni Hafliðasyni (Sveinbjörn Jónsson).

Ölbruggun.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 17. okt. 1928: Kærði, Jón Hafliðason í Dölum hér, á að greiða 1000 króna sekt til rikissjóðs áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu þessa dóms. En fáist sektin ekki greidd á hann að afplána sektina með 48 daga einföldu fangelsi. Auk þess skal kærði sæta tveggja daga einföldu fangelsi og greiða allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Ílátin undir áfengið — tveir leirbrúsar — skulu upptæk og eign rikissjóðs.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, er fram eru teknar í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, þykir ekki verða hjá því komizt að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa og að vararefsingin ákveðst 45 dagar.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 40 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa og að vararefsingin ákveðst 45 dagar.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, máflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 40 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í máli þessu með játning kærða og sumpart á annan hátt, að hann hefir eftir 1. júlí þ. á. búið til drykk (öl), sem við rannsókn reyndist vera með meira alkoholmagni en lög leyfa. Kærði hefir fært fram sér til málsbóta, að það hafi ekki verið ætlun sín að gjöra drykkinn áfengan og ekki hafi hann heldur gjört þetta í atvinnuskyni, heldur ætlað það til heimilisnotkunar. Þessar afsakanir — þótt sannar kunni að vera — geta samt ekki orðið teknar til greina honum til sýkunar, því að samkv. 6. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928 er allur slikur tilbúningur bannaður og verða þeir, sem búa til drykki að gæta þess, að þeir verði ekki of alkoholsterkir og sæta refsing fyrir vangá í þeim efnum. Þykir þessi refsing samkvæmt 30. gr. sömu laga, þar sem hér er um fyrsta brot kærða að ræða, eftir atvikum hæfilega ákveðin sekt að upphæð 1000 kr., sem greiðist innan fjöggra vikna frá birtingu dómsins og rennur í ríkissjóð. En fáist hún ekki greidd á kærði að afplána hana með 48 daga einföldu fangelsi. Auk þess á kærði eftir sömu lagagrein að sæta fangelsi. Þykir nægja, að það séu tveir dagar, þar eð brotið er lítið en sektin þung fyrir hann, sem er eignalaus fjölskyldumaður. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Vökvanum hefir verið hellt á jörðina, en ílátin (tveir leirbrúsar) skulu upptæk og eign ríkissjóðs.
